

## Ályktun 42. þings BSRB um kjaramál

Slæmt ástand ríkir nú á vinnumarkaði og er atvinnustig óviðunandi. Ljóst er að við þær aðstæður þarf að stuðla að efnahagslegum stöðugleika svo sóknarfæri gefist til aukins kaupmáttar. Stöðugleikasáttmála stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins er ætlað að skapa forsendur fyrir endurreisn samfélagsins. Hins vegar hefur dregist að hrinda í framkvæmd ýmsum ákvæðum sem þar er kveðið á um. Krafist er að stjórnvöld standi við sinn hluta samkomulagsins.

Í kjölfar efnahagshrunsins hefur staða margra versnað verulega sökum atvinnumissis og fjárhagserfiðleika. Brýnt er að gripið sé til ráðstafana sem fyrst svo vandi fólks verði ekki óviðráðanlegur. Verja skal kaupmátt almenns launafólks en hann hefur rýrnað mikið á síðustu mánuðum. Stefna ber að kjarajöfnuði því mikill mismunur er enn fyrir hendi þrátt fyrir að dregið hafi úr ofurlaunum í samfélaginu. Mikilvægt skref í þá átt er að eyða kynbundnum launamun og greiða sömu laun fyrir sambærilega vinnu.

Í sameiginlegri framkvæmdaáætlun ríkisins og BSRB frá júní síðastliðnum sem fylgdi með samkomulagi ríkisstjórnarinnar og bandalagsins er kveðið á um að gerð verði heildarúttekt á starfsháttum vinnustaða með vaktavinnufyrirkomulag. Lítið hefur gerst í þeim málum þrátt fyrir að áður hafi verið kveðið á um endurskoðun á stöðu vaktavinnufólks í kjarasamningum. BSRB krefst þess að vinna við þetta ákvæði hefjist nú þegar og leiði til bættra kjara og betri aðbúnaðar vaktavinnufólks.

Flýta þarf endurskoðun á samspili almannatrygginga og greiðslna úr lífeyrissjóðum þar sem hækkun greiðslna frá öðrum leiðir til skerðinga hjá hinum. Frítækjumörk eru ólík fyrir mismunandi tegundir tekna en þyrftu að vera þau sömu.

Mikil fjölgun öryrkja á undanförnum árum er til marks um vaxandi hörku á vinnumarkaði. Þessu verður að sporna gegn og nýta þau úrræði sem fyrir hendi eru til að einstaklingar geti stundað vinnu þrátt fyrir skerta starfsorku og bæta aðstöðu og aðgengi vinnustaða í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Ísland undirritaði 30. mars 2007.

BSRB telur mikilvægt að trúnaðarmenn séu ekki á nokkurn hátt látnir gjalda þess að þeim hefur verið falið að gegna trúnaðarstörfum. Þá þarf að leggja aukna áherslu á fræðslu trúnaðarmanna og að réttur þeirra til fjarvista frá vinnu vegna fræðslufunda og námskeiða skerðist ekki þegar þeir sækja trúnaðarmannafræðslu BSRB og Félagsmálaskóla alþýðu.

42. þing BSRB leggur eftirfarandi áherslur í kjaramálum:

- Efna skal stöðugleikasáttmála stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins.
- Verja skal kaupmátt almenns launafólks og atvinnu og draga úr atvinnuleysi.
- Eyða skal kynbundnum launamun.
- Gera þarf úttekt á vinnumhverfi vaktavinnufólks.
- Flýta þarf endurskoðun á samspili bóta almannatrygginga og lífeyrissjóða og draga þarf úr tekjutengingum í lífeyrisbótakerfinu.
- Efla þarf fræðslu trúnaðarmanna og gæta þarf þess að réttur þeirra vegna fræðsluöflunar í þágu stéttarféлага verði aukinn.
- Virtur verði réttur trúnaðarmanna samkvæmt lögum og þeir verði ekki látnir gjalda þess á nokkurn hátt að hafa valist til trúnaðarstarfa.
- Styttu ber vinnuvikuna í dagvinnu í 36 stundir.
- Réttur til launa vegna veikinda nánustu fjölskyldu skal vera 15 dagar.